

Sp.

682. Fyrirspurnir.

[297. mál]

I. Til landbúnaðarráðherra um framkvæmdir að Hólum í Hjaltadal.

Frá Ragnari Arnalds.

Hvaða áform eru uppi um eflingu búnaðarfræðslu og framkvæmdir að Hólum í Hjaltadal í tilefni af aldarafmæli bændaskólans?

Hvað veldur því, að nú er það látið ganga fyrir öðru að byggja hesthús að Hólum fyrir Hrossakynbótabú ríkisins, sem er önnur stofnun til húsa á sama stað.

Hver er áætlaður byggingarkostnaður umrædds hesthúss og hvernig er fjármögnun háttað?

II. Til samgönguráðherra um hafnarframkvæmdir í Landshöfn Keflavík—Njarðvík.

Frá Karli G. Sigurbergssyni.

1. Voru framkvæmdir í Landshöfn Keflavík—Njarðvík, sem getið er í nýlegri skýrslu samgönguráðherra um hafnarframkvæmdir árið 1977, unnar samkvæmt útboði?
2. Hvaða aðili eða aðilar sáu um framkvæmdirnar?
3. Hver hafði eftirlit með framkvæmdunum?
4. Er fjármagnið, 34.7 milljónir króna, sem fóru til verksins, í samræmi við áætlun hafnamálaskrifstofunnar um þessar tilteknu framkvæmdir?